

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1943.

*Fjárlög fyrir árið 1943, undirskrifuð af ríkisstjóra 16. febrúar 1943, nr. 14.*

*Lög um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1943, undirskrifuð af ríkisstjóra 26. febrúar 1943, nr. 15.*

*Lög um orlof, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 16.*

*Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927, og um afnám laga nr. 34 27. júní 1941, um breyting á heim lögum, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 17.*

*Lög um breyting á lögum nr. 27 23. júní 1932, um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 18.*

*Lög um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðinni Höfn í Siglufirði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 19.*

*Lög um búfjártryggingar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 20.*

*Lög um heimild til að selja Stagley, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 21.*

*Lög um breyting á lögum nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð á Hornafirði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 22.*

*Hafnarlög fyrir Keflavík, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 23.*

*Lög um lendingarbætur í Bakkagerði í Borgarfirði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 24.*

### REGLUGERÐ

#### um hámarksökuhraða bifreiða.

23

17. febr.

1. gr.

Ökumhraði bifreiða og bifhjóla utan kaupstaða og kauptúna má aldrei vera yfir 45 km á klukkustund.

Reglugerð þessi er hér með sett samkv. 26. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Dómsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1943.*

Einar Arnórsson.

*Gústav A. Jónasson.*

### REGLUGERÐ

#### um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða.

24

18. febr.

1. gr.

Heildsölum og smásölum er bannað að láta úti benzín með öðrum hætti en ákveðið er í reglugerð þessari.

Allir þeir, sem eiga eða hafa undir höndum benzínbirgðir fram yfir það, sem er á geymum farartækja, eru skyldir að viðlögðum drengskap, að tilkynna lögreglustjóra strax eftir að reglugerð þessi gengur í gildi, hversu miklar slíkar benzínbirgðir þeirra eru þá.

4

24

2. gr.

18. febr. Bannað er að afhenda benzín til annarrar notkunar en bifreiðaaksturs nema eftir reglum, sem ráðuneytið setur.

3. gr.

Eftir að reglugerð þessi er gengin í gildi er eigendum og umráðamönnum benzín-birgða óheimilt að selja, láta úti eða taka til eigin nota nokkurt benzín til bifreiðaaksturs eða annarrar notkunar fram yfir þann skammt, sem ákveðinn verður með auglýsingu fyrir byrjun hvers skömmtunartímabils, og aðeins gegn afhendingu skömmtunarmiða.

Ráðuneytið ákveður með auglýsingu hversu langt hvert skömmtunartímabil skuli vera, svo og hve mikill benzínsskammtur skuli vera á hverju tímabili.

Skammtur verður mismunandi hár fyrir strætisvagna, almenningsbifreiðar og aðrar leigubifreiðar til mannflutninga, hálfkassabifreiðar, mjólkurflutningabifreiðar, einkabifreiðar og vörubifreiðar.

Leigubifreiðar til mannflutninga teljast hér þær bifreiðar einar, sem hinn 1. jan. 1943 voru skrásettar og tryggðar sem leigubifreiðar, eða sem síðar fá viðurkenningu ráðuneytisins sem leigubifreiðar.

4. gr.

Aldrei má afhenda í einu meira benzín en það, sem nægir til að fylla benzíngeymi bifreiðar eða bifhjóls þess, sem benzínið tekur, og má ekki tæma benzíngeyma þeirra á annan hátt en með eðlilegri eyðslu gangvélar farartækisins, nema þess þurfi vegna bilunar á því eða það sé tekið úr notkun.

5. gr.

Bifreiðar ríkisstjórans, ríkisstjórnarinnar, svo og bifreiðar útsendra fulltrúa erlendra ríkja, eru undanþegnar benzínsskömmtun þeirri, sem um ræðir í reglugerð þessari.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur ráðuneytið aukið benzínsskammt til bifreiða og annarra véla, sem eru eign ríkisstofnana eða bæjar- og sveitarfélaga eða teknar á leigu af þeim og eingöngu notaðar í þágu þeirra.

6. gr.

Allur akstur stöðvarbifreiða til mannflutninga er bannaður að næturlagi milli kl. 23 og kl. 7, nema leyfi ráðuneytisins komi til.

7. gr.

Engin fólksflutningabifreiðastöð getur fengið skömmtunarhefti fyrir fleiri bifreiðar en hún hefur fastráðna bifreiðarstjóra á.

8. gr.

Ráðuneytið getur með auglýsingu bannað sölu á benzíni tiltekna daga eða tiltekinn hluta úr sólarhring.

9. gr.

Lögreglustjórar skulu annast úthlutun á benzínsskömmtunarheftum og greiðist ein króna fyrir hvert hefti. Þegar afhending heftis fer fram, skal skrá í það:

1. Fullt nafn og heimili eiganda farartækis.
2. Skrásetningartölu og einkennishókstaf farartækis.
3. Tegund bifreiðar, þ. e. hvort um strætisvagn, almenningsbifreið, hálfkassabifreið, mjólkurflutningabifreið, leigubifreið til mannflutninga, einkabifreið eða vörubifreið sé að ræða.
4. Úthlutunartímabil það, sem heftið gildir fyrir.

5. Vegalengd þá, sem farartækið hefur farið, samkvæmt kílómetra- eða mílumæli þess, og skal síðan skrá farna vegalengd í byrjun hvers nýs úthlutunartímabils. 24  
18. febr.
6. Benzínmagn það, sem úthlutað er farartækinu á hverju úthlutunartímabili.
7. Raunverulega benzíneyðslu hvers úthlutunartímabils.
8. Nafn þess, er afhendir heftið.

Inn í heftið skal festa arkir með skömmtunarmiðum. Þessir miðar hljóða um 5, 10 og 25 lítra af benzíni, og skulu þeir vera mismunandi stórir eftir gildi sínu. Ænn fremur skal á hvern miða skráð, fyrir hvaða tímabil hann gildir, t. d. 1. '43 fyrir 1. tímabil þess árs o. s. frv.

Miðarnir skulu vera þannig að hægt sé að losa hvern einstakan frá hinum. Skal frá örkunum þannig gengið, að tiltekinn fjöldi þeirra megi festa inn í hvert hefti, eftir því, sem við á og úthlutað er fyrir hvert tiltekið tímabil samkvæmt auglýsingu þeirri, sem um getur í 3. gr.

Ef eigandi eða umráðamaður farartækis hefur, er skömmtun hefst, átt benzín, sem skylt er að gefa upp samkvæmt 2. mgr. 1. gr., skal við fyrstu og, ef með þarf, síðari úthlutunir, nema úr hefti farartækis hans miða, sem svara til magns birgðanna.

Eigi mega lögreglustjórar afhenda heftin til annarra farartækja en þeirra, sem skrásett eru innan lögsagnarumdæmis þeirra. Þó má gera undantekningu frá þessu um farartæki, sem eru stódd innan annars lögsagnarumdæmis og eigendur þeirra eða umráðamenn færa sönnur á það fyrir lögreglustjóra, að þau geti ekki komizt til þess lögsagnarumdæmis, þar sem þau eru skrásett, áður en nýtt skömmtunartímabil hefst, en tilkynna skal það símleiðis lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi þar sem bifreiðin er skrásett.

Eigi einstaklingur eða fjölskylda, sem á sameiginlegt heimili, fleiri einkabifreiðar en eina, má eigi láta úti benzín-skömmtunarhefti nema fyrir eina bifreið slíks einstaklings eða fjölskyldu.

Enginn getur fengið nýja benzínmiða, nema hann sýni skömmtunarhefti. Nú glatast skömmtunarhefti, og ákveður þá ráðuneytið, hvort gefa skuli út nýtt hefti.

Þegar nýir miðar eru afhentir, skal lögreglustjóri athuga, hvort benzínnotkunin og vegalengd sú, sem farin hefur verið á tímabilinu næsta á undan, sé í réttu hlutfalli hvað við annað. Nú kemur í ljós við þessa athugun, að akstur farartækis er verulega annar en ætla má samkvæmt benzínnotkuninni, og skal þá eigi afhenda nýja skömmtunarseðla til hlutaðeigandi umsækjanda, heldur skal sá, sem brotlegur er, sæta viðurlögum samkvæmt 13. gr.

Nú er kílómetra- eða mílumælir farartækis ekki í lagi þegar reglugerð þessi gengur í gildi og skal þá eigandi þess eða umráðamaður hafa látið gera við hann áður en 2. úthlutunartímabil hefst. Eftir þann tíma verður benzín ekki afhent til annarra farartækja en þeirra, sem hafa mælitæki sín í lagi, nema með sérstöku leyfi ráðuneytisins.

#### 10. gr.

Þegar smásali lætur af hendi benzín, skal hann samtímis taka úr heftinu miða fyrir því magni, sem hann selur í hvert skipti, og má eigi afhenda benzín gegn lausum miðum.

Smásali getur eigi fengið afhent benzín af heilðsölubirgðum, nema hann afhendi samtímis heilðsalanum miða fyrir samsvarandi magni. Þó getur skömmtunarskrifstofa ríkisins gefið undanþágu frá þessu ef sérstaklega stendur á.

Heilðsöluverzlanir skulu í byrjun hvers mánaðar afhenda skömmtunarskrifstofu ríkisins miða þá, sem þær hafa fengið frá smásölum næsta mánuð á undan, ásamt skýrslum um innkaup sín þann tíma, svo og birgðir í lok hvers mánaðar.

24

18. febr.

11. gr.  
Nú ris ágreiningur út af skömmtun til farartækis, og sker þá lögreglustjóri úr honum. En áfrýja má þeim úrskurði til ráðuneytisins, sem leggur endanlegan úrskurð á ágreininginn.

12. gr.

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur hvenær sem er, án dómsúrskurðar, rannsakað benzínbirgðir heildsala og smásala. Skulu starfsmenn skrifstofunnar sjálfrar framkvæma slíkar birgðatalningar og talningu skömmtunarmiða þar sem því verður við komið.

Sá, sem talningu á benzínbirgðum framkvæmir, skal hafa meðferðis frá skömmtunarskrifstofunni skilríki, er sýni að hann hafi heimild til að framkvæma birgðakönnunina.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 100 kr. og allt að 10000 kr. Gildir þetta jafnt um þá, sem kaupa eða selja benzín, og aðra, sem brjóta gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Enn fremur má banna notkun bifreiðar um tiltekinn tíma, ef umráðamaður hennar verður brotlegur við reglugerðina. Fara skal með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Þá er og heimilt að leggja við allt að 100 króna dagsektir, ef benzinsalar skila ekki á tilteknum tíma skýrslum þeim um benzínbirgðir, sem nauðsynlegar eru til framkvæmda þeim ráðstöfunum, sem um ræðir í reglugerð þessari. Ráðuneytið ákveður dagsektir þessar í ábyrgðarbréfi eða símskeyti til aðila og skal þar tekið fram frá hvaða tíma þær falla á.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu. Öðlast hún gildi frá og með 20. febrúar 1943 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð um sölu og afhendingu benzíns frá 19. marz 1940.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. febrúar 1943.*

Vilhjálmur Þór.

*Vigfús Einarsson.*

25

18. febr.

## AUGLÝSING

um skömmtun á benzíni.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, dags. í dag, skal benzínskammtur til bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 20. febrúar til 1. júní 1943:

### A. Fólksbifreiðar:

- |  |            |
|--|------------|
| 1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði .....                                  | 4600 lítra |
| 2. Almenningsbifreiðar, hálfkassabifreiðar og mjólkurflutninga-<br>bifreiðar ..... | 2300 --    |
| 3. Leigubifreiðar, 4—6 manna .....   | 1400 --    |